

Fimmtudaginn 1. október 1998.

Nr. 394/1998.

Haukur Holm

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

gegn

Búnaðarbanka Íslands hf.

(Baldur Guðlaugsson hrl.)

Kærumál. Dómarar. Vanhæfi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Arnljótur Björnsson og Björn P. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 18. september 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 25. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 15. september 1998, þar sem Allan Vagn Magnússon héraðsdómari hafnaði kröfu sóknaraðila um, að hann viki sæti í máli aðila. Kæruheimild er í a-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að héraðsdómara verði gert að víkja sæti í málinu.

Varnaraðili hefur lagt fram greinargerð fyrir Hæstarétti, en gerir engar kröfur í þessum þætti málsins.

Eins og nánar greinir í hinum kærða úrskurði, höfðaði varnaraðili málið gegn sóknaraðila til ógildingar á úrskurði, sem gekk í úrskurðarnefnd um upplýsingamál 17. ágúst 1998 um kröfu sóknaraðila um aðgang að nánar tilteknum gögnum í vörslum varnaraðila. Sóknaraðili reisir kröfu sína, sem nú er til úrlausnar, á því, að Valtýr Sigurðsson, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, eigi sæti í úrskurðarnefndinni og hafi staðið meðal annarra að úrskurðinum, sem málið varðar. Hafi þannig einn af dómurunum við dómstólinn, þar sem málið er rekið, úrskurðað í því á fyrri stigum. Telur sóknaraðili, að þetta séu atvik, sem séu fallin til að draga í efa hæfi annarra dómara við dómstólinn til að fara með málið, sbr. g-lið 5. gr. laga nr. 91/1991.

Samkvæmt 1. mgr. 24. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla er hver hinna 38 dómara við héraðsdómstóla landsins sjálfstæður í dómstörfum og leysir þau af hendi á eigin ábyrgð. Af þessu leiðir, svo og

af langri dómvenju, meðal annars, að vanhæfi eins héraðsdómara til að fara með mál hefur ekki sjálfkrafa áhrif á hæfi annarra dómara, og skiptir þá engu í því efni, þótt þeir starfi við sama dómstól, eins og hér er raunin. Sónknaðili hefur ekki bent á önnur atriði í sambandi við hæfi Allans Vagns Magnússonar héraðsdómara til að fara með málið en að framan greinir. Því hefur ekki verið haldið fram, að afstaða þess dómara til starfa eða verka Valtýs Sigurðssonar héraðsdómara sé á einhvern hátt því marki brennd, að sérstakt tilefni geti verið af þeim sökum til að draga með réttu í efa óhlutdrægni hans í málinu. Eru því engin efni til að verða við kröfu sóknaraðila um, að héraðsdómarinn víki sæti í málinu, og verður hinn kærði úrskurður staðfestur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 15. september 1998.

Ár 1998, þriðjudaginn 15. september, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Allani Vagni Magnússyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður í málinu nr. E-3747/1998: Búnaðarbanki Íslands gegn Hauki Holm, sem tekið er til úrskurðar samdægurs.

Mál þetta er höfðað með stefnu, birtri 30. ágúst sl.

Stefnandi er Búnaðarbanki Íslands hf., kt. 490169-1219, Austurstræti 5, Reykjavík.

Stefndi er Haukur Holm, kt. 260356-0039, Hjaltabakka 28, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að ógiltur verði með dómi úrskurður úrskurðarnefndar um upplýsingamál, upp kveðinn 17. ágúst 1998, í máli nr. A-54/1998: Haukur Holm gegn Búnaðarbanka Íslands hf., þar sem stefnanda var gert skylt að veita stefnda aðgang að minnisbókum, sem til eru í vörslum stefnanda, að því leyti, sem þær hafa að geyma upplýsingar um afnot af íbúð stefnanda í Lundúnum til og með 31. desember 1997.

Stefndi gerir þær dómkröfur:

- a. að dómari málsins víki sæti,
- b. að úrskurður úrskurðarnefndar um upplýsingamál, upp kveðinn 17. ágúst 1998, í málinu nr. A-54/1998: Haukur Holm gegn Búnaðarbanka Íslands hf., verði staðfestur og stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að mati réttarins auk lögmæltis virðisaukaskatts.

Krafa stefnanda um, að dómari málsins víki sæti, er til meðferðar hér.

Helstu málsatvik.

Búnaðarbanki Íslands hf. var stofnaður á grundvelli laga nr. 50/1997 um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands. Tók bankinn 1. janúar 1998 við rekstri og starfsemi Búnaðarbanka Íslands, sem lagður var niður frá sama tíma.

Búnaðarbanki Íslands tók á leigu íbúð í Lundúnum í byrjun níunda áratugarins og hafði hana í leigu, allt þar til bankinn var lagður niður, en þá tók Búnaðarbanki Íslands hf. við leigusamningnum. Hafa stjórnendur og aðrir starfsmenn bankans nýtt íbúðina í tengslum við samskipti bankans við erlenda banka með aðsetur í Lundúnum og vegna námskeiða, sem starfsfólk sækir í Lundúnum, að því er fram kemur í stefnu. Þegar íbúðin hefur ekki verið nýtt með þessum hætti, hefur starfsfólki bankans stundum verið heimilað að gista í íbúðinni. Þá hefur komið fyrir, að íbúðin hafi verið nýtt í opinbera þágu.

Með bréfi, dags. 15. júlí 1998, óskaði stefndi eftir aðgangi að skjölum og gögnum hjá stefnanda, sem sýna, hverjir hafi haft afnot af fyrrnefndri íbúð bankans. Til vara krafðist stefndi þess, að sér væru afhent umrædd gögn fyrir Búnaðarbanka Íslands eða fram að þeim tíma, sem stefnandi tók við rekstri og starfsemi bankans. Studdi stefndi varakröfu sína við ákvæði upplýsingalaga nr. 50/1996. Með bréfi, dagsettu 24. júlí sl., var málaleitan stefnda hafnað af forsvarsmönnum stefnanda, og með bréfi, dagsettu 27. júlí sl., leitaði stefndi álits úrskurðarnefndar um upplýsingamál á synjun stefnanda og fór fram á, að nefndin hnekkti ákvörðun bankans, að minnsta kosti, hvað varðaði umbeðin gögn, sem urðu til, áður en Búnaðarbanka Íslands var breytt í hlutafélag, og gerðu honum skylt að afhenda þau stefnda.

Með úrskurði 17. ágúst sl. kvað úrskurðarnefnd um upplýsingamál upp svofelld úrskurðarorð:

„Búnaðarbanka Íslands hf. er skylt að veita kæranda, Hauki Holm, aðgang að minnisbókum, sem eru í vörslum bankans, að því leyti, sem þær hafa að geyma upplýsingar um afnot af íbúð hans í Lundúnum til og með 31. desember 1997.“

Með ákvörðun, dagsettri 21. ágúst 1998, féllst úrskurðarnefndin á kröfu stefnanda þess efnis að fresta réttaráhrifum hins umdeilda úrskurðar skv. 18. gr. laga nr. 50/1996, og í samræmi við ákvæði nefndrar greinar höfðaði hann mál þetta.

Með ákvörðun 27. ágúst sl. féllst dómstjórinn í Reykjavík á þá beiðni stefnanda, að mál þetta sætti flýtimeðferð eftir ákvæðum XIX. kafla laga nr. 91/1991.

Af hálfu stefnda er á það bent, að á umliðnum árum hafi verið unnið að

því að tryggja sjálfstæði dómssvaldsins og dómara gagnvart framkvæmdarvaldinu. Stærsta skrefið í þeim efnum hafi verið stigið með lögum nr. 92/1989 um aðskilnað dómssvalds og umboðssvalds í héraði. Með lögum um dómstóla nr. 15/1998 hafi enn frekar verið lögð áhersla á aðskilnað dóms- og framkvæmdarvalds og ákvæði sett til að styrkja sjálfstæði dómstóla og dómenda.

Á sama tíma og þessi þróun hafi orðið, spretti upp samkvæmt ýmsum sérlögum, svo sem lögum nr. 50/1996 um upplýsingamál, lögum nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, lögum nr. 26/1994 um fjöl-eignahús og húsaleigulögum nr. 36/1994, úrskurðar- eða kæruneindir. Í þessum nefndum sitja oft starfandi héraðsdómarar, oftast héraðsdómarar við Héraðsdóm Reykjavíkur, sbr. t. d. bæði úrskurðarnefnd um upplýsingamál og kæruneindir samkvæmt húsnæðis- og húsaleigulöggjöf.

Komi úrlausnir þessara úrskurðar- eða kæruneinda til kasta dómstóls, þar sem dómari í viðkomandi úrskurðar- eða kærunefnd situr í einu af dómarasætum, megi ætla, að fyrir komi atvik, sem fallin séu til þess að draga í efa hæfi annarra dómara við sama dómstól til að fara með mál, sem samstarfsmaður hefur úrskurðað í, sbr. g-lið 1. mgr. 5. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Í því máli, sem hér er til úrlausnar fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, liggi fyrir úrskurður úrskurðarnefndar um upplýsingamál, sem Valtýr Sigurðsson héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur hafi staðið að.

Af hálfu stefnanda hafa ekki komið fram athugasemdir við kröfugerð stefnda um það, að dómari víki sæti, en af hans hálfu er þó ekki gerð krafa um, að dómari málsins víki sæti.

Niðurstaða.

Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996 skipar forsætisráðherra þrjá menn í úrskurðarnefnd um upplýsingamál til fjögurra ára og jafnmarga til vara. Skulu tveir nefndarmenn og varamenn þeirra fullnægja starfsgengisskilyrði héraðsdómara. Skal annar þeirra vera formaður nefndarinnar, en hinn varaformaður. Nefndarmenn mega ekki vera fast-ráðnir starfsmenn í stjórnarráði Íslands.

Svo sem fram kemur í málinu, er einn nefndarmanna í úrskurðarnefnd um upplýsingamál dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, og gerir stefndi kröfu um, að dómari sá, sem með þetta mál fer, víki sæti, með því að um sé að ræða atvik eða aðstæður, sem séu fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans með réttu í efa.

Enda þótt einn af þeim 21 dómara, sem starfa við Héraðsdóm Reykja-

víkur, eigi sæti í úrskurðarnefnd um upplýsingamál og hafi tekið þátt í meðferð máls þess, sem hér er til úrlausnar, þykir það ekki geta leitt til þess, að aðrir dómarar, sem sæti eiga við dómstólinn, séu vanhæfir til að fara með mál skv. g-lið 1. mgr. 5. gr. laga nr. 91/1991. Er til þess að líta, að hérlandis eru ekki starfandi stjórnarsýsludómstólar eins og víða tíðkast annars staðar, en verkefni úrskurðarnefndarinnar er einmitt á sviði slíkra dómstóla, ef til væru. Sú niðurstaða þessa dóms, að seta eins dómara í úrskurðarnefnd leiddi til vanhæfis annars til meðferðar máls fyrir dómi, myndi augljóslega leiða til þess, að dómarar yrðu ekki skipaðir til setu í úrskurðarnefndum, eins og nú tíðkast. Verður þó að ætla, að af þeirri staðreynd, að löggjafinn hefur gert það að skilyrði, að sumir nefndarmenn fullnægi starfsgengisskilyrði héraðsdómara, megi draga þá ályktun, að a. m. k. einhverjir dómarar kunni að eiga sæti í slíkum nefndum og að slíkt sé í samræmi við vilja löggjafans. Málsmeðferðarreglur stjórnarsýslulaga og eftir atvikum laga þeirra, sem um einstakar úrskurðarnefndir kunna að gilda, eiga að tryggja, að úrlausn sé fengin á grundvelli hlutlægs mats á staðreyndum og beitingu réttarreglna í samræmi við viðurkenndar aðferðir á sviði lögfræðinnar. Þykir á engan hátt varhugavert, að dómarar komi að endurskoðun á úrlausnum úrskurðarnefnda, enda þótt aðrir dómarar hafi tekið þátt í meðferð mála þar. Ástæða þessa er, að sömu aðferðum er beitt þar við úrlausn mála og fyrir dómstólunum, enda þótt meðferð verði oft ýtarlegri þar, svo sem leiðir af meginreglum einkamálaréttarfars. Dómari er bundinn af upphafsákvæði 61. gr. stjórnarskrár, þ. e., að honum ber að fara einungis eftir lögum í embættisverkum sínum. Dómarar njóta fullkomins sjálfstæðis í störfum sínum og starfskjörum, og telja verður, að reglur dómstólalaga nr. 15/1998 og réttarfarslaga tryggi með fullnægjandi hætti, að málsmeðferð almennt sé óvilhöll. Loks er það að athuga, að fyrir því er löng venja að skýra ákvæði g-liðar 5. gr. laga nr. 91/1991 og eldri ákvæði sama efnis á þann veg, að héraðsdómari verði ekki talinn vanhæfur af þeirri ástæðu einni, að hann hafi áður leyst úr máli að efni til, ef hann fjallar um það að nýju að undangenginni ómerkingu fyrri úrlausnar, sbr. dóm Hæstaréttar frá 5. desember 1995 (H. 1995, 3010). Þeim mun síður telst dómari vanhæfur til að fara með mál eins og í því tilviki, sem hér er til meðferðar, og ekki er sýnt fram á það, að um sé að ræða önnur atvik, sem fallin séu til þess, að óhlutdrægni dómara verði með réttu dregin í efa hér. Niðurstaða þessa þáttar málsins er því sú, að dómari víkur ekki sæti.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Allan Vagn Magnússon héraðsdómari víkur ekki sæti í máli þessu.